

Framkvæmdaáætlun í barnavernd

Félagsmálanefnd Fljótshéraðs

2015-2018

Inngangur

Sveitarfélögin Borgarfjarðarhreppur, Djúpvogshreppur, Fljótshérað, Fljótshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur hafa gert með sér samning og mynda eitt þjónustusvæði á sviði félagsþjónustu og barnaverndar. Þann 1. janúar 2014 voru íbúar á þjónustusvæðinu 5.495, þar af 1.333 börn yngri en 18 ára. Öll sveitarfélögin hafa lagt ríka áherslu á að veita börnum og fjölskyldum þeirra sem besta þjónustu og stuðla þannig að sem þroskavænlegustu umhverfi.

Framkvæmdaáætlun þessi er gerð með vísan til 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum. Greinin er svohljóðandi:

„Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send ráðuneytinu og Barnaverndarstofu.“

Meginstefna

Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu, markmið barnaverndarstarfs skulu ætíð vera að tryggja þessi grundvallarmannréttindi barna. Samkvæmt stefnu félagsmálanefndar skal gæta velferðar barna og ungmenna í umdæmi nefndarinnar, fyrst með úrræðum sem hafa forvarnargildi en síðar með markvissum stuðningsaðgerðum ef þess gerist þörf. Þjónustan skal vera sveigjanleg, stuðla að auknum lífsgæðum og velferð íbúa svæðisins. Við framkvæmd þjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til sjálfsábyrgðar, virða ákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar.

Helstu leiðarljós í barnaverndarstarfi á þjónustusvæðinu skulu vera:

- Réttarstaða barna/ungmenna og foreldra þeirra.
- Hagsmunir barna/ungmenna og mikilvægi þess að hlustað sé á sjónarmið þeirra.
- Stöðugleiki í lífi barna.
- Barnaverndarlög, reglugerðir settar með stoð í þeim og reglur um könnun og meðferð barnaverndarmála.
- Framkvæmdaáætlun skv. 9. gr. barnaverndarlaga.
- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna.

Fagleg þjónusta

Þjónusta félagsþjónustunnar við barnafjölskyldur skal vera markviss og fagleg. Gæta skal hagkvæmni í rekstri án þess að skerða þjónustuna eða rýra gæði hennar.

Til að tryggja faglegt starf skal horft til eftirfarandi leiða:

- Félagsþjónustan skal hafa yfir að ráða hæfu starfsfólki og gæta skal þess að starfsmenn nefndarinnar hafi viðeigandi menntun og/eða reynslu.

- Starfsmönnum skal gert kleift að viðhalda þekkingu sinni og auka hana með sí- og endurmenntun, námskeiðum og þátttöku í ráðstefnum og málstofum á sviði barnaverndar. Gera skal ráð fyrir kostnaði vegna þessa í fjárhagsáætlun.
- Starfslýsingar skulu vera til fyrir hvert starf og yfirfarnar í árlegu starfsmannasamtali.
- Áhersla skal lögð á gott starfsumhverfi og aðbúnað.
- Við gerð fjárhagsáætlunar skal framkvæmdaáætlun í barnavernd höfð til hliðsjónar.

Forvarnarmiðað starf

Stefnt skal að því að gæta velferðar barna og ungmenna á þjónustusvæðinu, fyrst með úrræðum sem hafa forvarnargildi en síðar með markvissum stuðningsaðgerðum ef þess gerist þörf. Með því að leggja áherslu á forvarnir er stefnt að því að minnka þörf fyrir sértæk úrræði.

Eftirfarandi leiðir skulu farnar til að efla hið forvarnarmiðaða starf:

- Tryggja skal að greinargóðar upplýsingar um félagsþjónustu og barnavernd séu aðgengilegar á heimasíðum aðildarsveitarfélaganna.
- Starfsmaður félagsþjónustu situr nemendaverndarráðsfundi í grunnskólum á þjónustusvæðinu þar sem málefni einstakra nemenda eru rædd með samþykki foreldra og reynt að finna úrræði fyrir þá á þverfaglegum grunni.
- Starfsmaður félagsþjónustu situr í inntökuteymi ABG (aðstoð við börn og unglunga með geðræn vandkvæði). Þar eru málefni barna- og unglunga á austurlandi sem glíma við geðræna erfiðleika rædd á þverfaglegum grunni og reynt að finna úrræði sem best henta hverju barni.
- Þjóða skal starfsfólki heilsugæslu og leik- og grunnskóla upp á fræðslu þar sem farið er yfir tilkynningaskyldu skv. barnaverndarlögum auk þeirra úrræða sem boðið er uppá hjá félagsþjónustunni.
- Öllum foreldrum skal standa til boða einstaklingsmiðuð uppeldisráðgjöf hjá starfsmönnum félagsþjónustu.
- Árlega skal boðið upp á foreldranámskeið á þjónustusvæðinu fyrir foreldra barna sem sýna væga hegðunarerfiðleika.
- Foreldrum barna sem glíma við hegðunarerfiðleika skal standa til boða PMT meðferð hjá starfsmanni félagsþjónustunnar sér að kostnaðarlausu.
- Boðið skal upp á sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir börn og unglunga í samvinnu við grunnskóla á svæðinu. Starfsfólk skóla metur þörf fyrir slík námskeið á hverjum tíma og vísar börnum á námskeiðið í samráði við foreldra.
- Á grundvelli reglna um fjárhagsaðstoð er unnt að styðja við foreldra sem eiga í fjárhagserfiðleikum til að tryggja að börn þeirra fái notið t.d. leikskóladvalar og íþrótta- og tómsundastarfs.

Vinnsla í kjölfar barnaverndartilkynninga

Við vinnslu allra barnaverndarmála skal leitast við að eiga sem best samstarf við fjölskyldur þeirra barna sem um ræðir. Réttarstaða barna og foreldra þeirra skal ætíð höfð að leiðarljósi.

Til að tryggja faglega vinnslu í kjölfar barnaverndartilkynninga skal unnið samkvæmt eftirfarandi verklagi:

- Á vikulegum meðferðarfundum skal fara yfir tilkynningar liðinnar viku og ákveðið hvort ástæða sé til að kanna málin frekar. Sé ekki talin ástæða til könnunar er foreldrum sent bréf þar sem þau eru upplýst um tilkynninguna og afstöðu barnaverndar.
- Sé talin ástæða til könnunar er starfsmanni falið málið sem ræðir við foreldra, börnin sjálf og aðra aðila sem talið er að veitt geti greinargóðar upplýsingar. Könnun máls skal ekki taka lengri tíma en þrjá mánuði.
- Að könnun lokinni er tekin afstaða til þess á meðferðarfundum hvort þörf sé á frekari stuðningi fyrir fjölskylduna, sé ekki þörf á slíkum stuðningi er foreldrum sent bréf með bókun fundarins. Sé talin ástæða til frekari stuðnings á grundvelli barnaverndarlaga skal gerð áætlun um meðferð máls skv. 23. gr. barnaverndarlaga nr.80/2002 með síðar breytingum.
- Sé grunur um að barn sé beitt ofbeldi á heimili sínu er unnið samkvæmt ákveðnu verklagi þar um.

Lögð skal áhersla á að veita börnum og fjölskyldum þeirra sem besta þjónustu í heimabyggð, þjónustan skal vera sveigjanleg til að mæta þörfum hvernar fjölskyldu sem best. Eftirfarandi úrræði eru þau helstu sem veitt eru í barnaverndarmálum á svæðinu:

- Stuðningsviðtöl við börn og foreldra, sérstaklega skal leggja áherslu á markvissa uppeldisráðgjöf í vinnu með foreldrum.
- Viðtöl við sálfræðing Barnahúss hafi barn orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, viðtölin fara fram sem næst heimabyggð barns.
- Sé talin þörf á sálfræðiviðtölum fyrir barn er því vísað til ABG-teymis.
- Sé talin þörf á sálfræðiviðtölum fyrir foreldra gerir starfsfólk barnaverndar samning við sjálfstætt starfandi sálfræðinga. Foreldrar bera ekki kostnað af viðtölunum sé um barnaverndarúrræði að ræða.
- Möguleiki er á að veita börnum stuðningsfjölskyldu á grundvelli barnaverndarlaga, sé slíkt talið þjóna hagsmunum barnsins best.
- Möguleiki er á að veita barni/ungmenni persónulegan ráðgjafa til að rjúfa félagslega einangrun, sé slíkt talið þjóna hagsmunum barnsins best.
- Sé talið að barn geti ekki búið hjá foreldrum sínum þrátt fyrir stuðning barnaverndar skal leita að fósturheimili í samráði við Barnaverndarstofu.
- Leita skal eftir heimilum á þjónustusvæðinu sem hægt er að veita leyfi til að taka börn í vistun í styttri tíma skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum.
- Hefja skal samstarf við lögreglu þar sem tryggt verður að barnaverndarstarfsmaður á bakvakt fari með í útköll ef grunur leikur á ofbeldi á heimili barns.
- Sótt verður um MST meðferð á vegum Barnaverndarstofu fyrir börn á aldrinum 12-18 ára sem sýna alvarlegan hegðunarvanda hafi önnur vægari úrræði ekki skilað tilætluðum árangri.

Framkvæmdaáætlunin lögð fyrir Félagsmálanefnd Fljótshéraðs 25. febrúar 2015 og samþykkt.